

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Halldór Runólfsson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. mars 2014
2014020030/42-9
TB, GG
jgo/tb

Innflutningur á lifandi Evrópuhumri frá Noregi og Bretlandi til tilraunaeldis, umsögn

Vísað er til bréfs frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 20. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Svinna-verkfræði ehf. um heimild til að flytja inn lifandi Evrópuhumar (*Homarus gammarus*) frá Bandarfkjunum til áframeldis.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Stofnunin leggst ekki gegn því að heimilað verði að flytja inn framangreinda tegund, *Homarus gammarus*, til tilraunaræktunar að þeim forsendum gefnum að það sé tryggt að engir sjúkdómar berist með tegundinni, að einungis sé um tilraunarækt að ræða, þar sem tryggt sé að tegundin er ræktuð í lokuðuð kerfi, og að humrinum sé aldrei dreift út í náttúru landsins. Komi síðar fram óskir um að sleppa Evrópuhumri út í sjó til ræktunar, sbr. lýsingu í bréfi frá Svinna Verkfræði ehf dagsettu 27. desember 2013, þá telur Náttúrufræðistofnun að um nýtt mál sé að ræða þar sem forsendur eru allt aðrar. Þó að í gögnum málsins sé fullyrt að Evrópuhumar geti ekki lifað við strendur Íslands þá er rétt að benda á að ekki er mikill munur á sjávarhita við Ísland og Lofoten.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

